

2011 nr. 130 28. september**Lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála**

Tóku gildi 1. janúar 2012 nema brákv. I sem tók gildi 30. september 2011. Breytt með: L. 21/2012 (tóku gildi 16. mars 2012), L. 138/2014 (tóku gildi 31. des. 2014), L. 139/2014 (tóku gildi 1. des. 2014), L. 89/2018 (tóku gildi 29. júní 2018), L. 79/2019 (tóku gildi 6. júlí 2019; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í brákv.), L. 111/2021 (tóku gildi 1. sept. 2021; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 37. gr.; EES-samningurinn: XX. viðauki tilskipun 2001/42/EB, 2011/92/ESB, 2014/52/ESB).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra eða umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Hlutverk.

□ Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðna og ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnaratriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á þessu sviði. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð í störfum sínum.

■ 2. gr. Nefndarskipan.

□ [Ráðherra skipar níu menn í nefndina og sjö til vara.]¹⁾ Einn nefndarmanna, sem skal vera formaður hennar og forstöðumaður og hafa starfið að aðalstarfi, er skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hann skal uppfylla starfsfölgisskilyrði héraðsdómara. [Einn nefndarmanna skal vera staðgengill forstöðumanns og varaformaður nefndarinnar. Hann skal uppfylla sömu hæfisskilyrði og formaður, hafa starfið að aðalstarfi og skipaður til fimm ára að undangenginni auglýsingu í samræmi við lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.]¹⁾ Aðrir nefndarmenn eru skipaðir til fjögurra ára í senn og skulu þeir tilnefndir af Hæstarétti. Þeir skulu allir hafa háskólapróf. Einn skal hafa sérþekkingu á sviði skipulagsmála, einn á sviði byggingarmála, einn á sviði umhverfismála, einn á sviði jarðvísinda, orkumála og jarðrænna auðlinda og einn á sviði vistfræði og lífríkis þurrlandis, ferskvatns og sjávar. [Tveir skulu]¹⁾ hafa embættispróf í lögfræði eða annað háskólapróf sem verður metið jafngilt. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og uppfylla sömu hæfisskilyrði og aðalmenn.

□ [Um laun og önnur starfskjör formanns og varaformanns nefndarinnar fer skv. 39. gr. a laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.]²⁾

¹⁾ L. 139/2014, 1. gr. ²⁾ L. 79/2019, 18. gr.

■ 3. gr. Starfshættir.

□ Forstöðumaður úrskurðarnefndarinnar hefur yfirstjórn hennar með höndum og ber ábyrgð á fjárhag hennar og daglegum rekstri. Hann fer með fyrirvar nefndarinnar út á við. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk nefndarinnar.

□ Að jafnaði skulu þrír nefndarmenn eiga sæti í úrskurðarnefndinni um hvert mál sem nefndinni berst. Ef mál er viðamikilið eða fordæmisgefandi skulu fimm menn sitja í nefndinni. Formaður ákvarðar hvernig nefndin er skipuð í hverju máli og hvort hún er skipuð þremur eða fimm mönnum. Skal hann gæta þess að í nefndinni eigi sæti þeir sem besta þekkingu hafa til úrlausnar málsins. Formaður eða varaformaður eiga sæti í nefndinni í öllum málum. [Formanni er heimilt að ákveða að úrskurðarnefndin starfi deildaskipt.]¹⁾

□ Nefndin getur falið formanni að úrskurða í málum sem eru einföld úrlausnar og varða ekki verulega hagsmunum. Nefndin setur fullskipuð nánari reglur um hvenær heimildinni verður beitt.

□ Nefndinni er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn við úrskurð einstakra mála. Starfa þeir með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

¹⁾ L. 139/2014, 2. gr.

■ 4. gr. Málsmeðferð og kæruaðild.

□ Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og undirrituð. Þar skal koma fram hver er kærandi, hvaða ákvörðun [eða ætlað brot á þátttökurétti almennings er kært],¹⁾ kröfur kæranda og rök fyrir kæru. Úrskurðarnefndin getur ákveðið að kæra skuli borin fram á sérstöku eyðublaði sem hún skal þá hafa aðgengilegt fyrir alla.

□ Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina [eða ætlað brot á þátttökurétti almennings].¹⁾ Það á þó ekki við ef mælt er fyrir um annan kærufrest í þeim lögum sem kærana ákvörðun [eða ætlað brot á þátttökurétti almennings]¹⁾ byggist á. Sé um að ræða ákvarðanir sem sæta opinberri birtingu telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.

□ [Þeir einir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta geta kært stjórnvaldsákvæðanir . . . ²⁾ til úrskurðarnefndarinnar.]¹⁾ Umhverfisverndar-, útivistar- og hagsmunasamtök með minnst 30 félagar [teljast eiga lögvarinna hagsmuna að gæta þegar um eftirtaldir ákvarðanir og ætlað brot á þátttökurétti er að ræða]¹⁾ enda samrýmist tilgangi samtakanna að gæta þeirra hagsmuna sem kærana lýtur að:

a. [ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, svo sem ef kærandi telur athafnir eða athafnaleysi hafa brotið gegn þátttökuréttindum almennings eða annan ágalla hafa verið á málsmeðferð],²⁾

b. ákvarðanir um að veita leyfi vegna framkvæmda sem falla undir [lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana, m.a. vegna ætlaðs brots á þátttökuréttindum almennings með athöfnunum eða athafnaleysi eða annars ágalla sem kann að hafa verið á málsmeðferð],²⁾

c. ákvarðanir um að veita leyfi samkvæmt lögum um erfðabreyttar lífverur til sleppingar eða dreifingar erfðabreyttra lífvera, [d. . . . ²⁾]¹⁾

□ Umhverfisverndarsamtök teljast samtök sem hafa umhverfisvernd að meginmarkmiði. Útivistarsamtök teljast samtök sem hafa útivist og umhverfisvernd að markmiði. Samtök skv. 1. og 2. másl. skulu vera opin fyrir almennri aðild, gefa út ársskýrslur um starfsemi sína og hafa endurskoðað bókhalð [eða samþykka ársreikninga].²⁾

□ Þegar kæra berst nefndinni tilkynnir hún [hlutaðeigandi stjórnvaldi]¹⁾ um kærana og veitir því allt að 30 daga frest til að skila gögnum og umsögn um málið. Stjórnvaldinu er skylt að láta nefndinni í té öll þau gögn og upplýsingar sem tengjast málinu og nefndin telur þörf á að afla. Í viðamiklum málum getur nefndin veitt allt að 15 daga viðbótarfrest. Nefndin aflar viðbótargagna og umsagna og kynnir sér aðstæður á vettvangi þegar þörf er á til að mál teljist nægjanlega upplýst. Nefndinni er heimilt að sameina mál þegar kærur eru samkynja. Stjórnvöldum ber að veita nefndinni aðgang að gögnum og upplýsingum sem hún kann að óska í tengslum við úrlausn máls.

□ Nefndin kveður upp úrskurð eins fljótt og kostur er og jafnan innan þriggja mánaða frá því að málgögn bárust frá stjórnvaldi, sbr. 5. mgr., en innan sex mánaða frá sama tíma-marki sé mál viðamikilið. [Mál sem varða verulega fjárhags-

lega hagsmuni aðila, hvort sem er kærða eða kæranda, skulu sæta flýtimeðferð.]¹⁾

□ Formaður, eftir atvikum varaformaður, stýrir störfum nefndarinnar við umfjöllun máls. Þegar nefndarmenn eru ekki sammála ræður meiri hluti niðurstöðu máls.

□ Um málsmeðferð nefndarinnar fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnslulaga.

¹⁾ L. 89/2018, 4. gr. ²⁾ L. 111/2021, 38. gr.

■ **5. gr. Stöðvun framkvæmda.**

□ Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Kærandi getur þó krafist úrskurðar um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða séu þær hafnar eða yfirvofandi. Komi fram krafa um slíkt skal úrskurðarnefndin svo fljót sem verða má kveða upp úrskurð um það atriði. Úrskurði um stöðvun framkvæmda ber viðkomandi stjórnvaldi að framfylgja þegar í stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

□ Þau mál þar sem fallist er á stöðvun framkvæmda skulu sæta flýtimeðferð sé þess krafist af framkvæmdaraðila.

□ Sé um að ræða ákvörðun sem ekki felur í sér heimild til framkvæmda getur úrskurðarnefndin með sömu skilmálum frestað réttaráhrifum hennar komi fram krafa um það af hálfu kæranda.

■ **6. gr. Úrskurðir nefndarinnar og birting.**

□ Úrskurðir nefndarinnar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnslustigi. Úrskurðir nefndarinnar skulu birtir með aðgengi- legum og skipulegum hætti.

■ **7. gr. Kostnaður.**

□ Kostnaður vegna úrskurðarnefndarinnar greiðist úr ríkis-

sjóði.

■ **8. gr. Reglugerð.**

□ Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um úrskurðar- nefndina, þ.m.t. um verkefni hennar, valdsvið og starfsskil- yrði.

□ Ráðherra er enn fremur heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um málsmeðferð úrskurðarnefndarinnar, þ.m.t. heimildir til að sameina mál og úrskurða um mál með einföldum og skilvirkum hætti með vísan til fyrri fordæma og frestun réttaráhrifa.

■ **9. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2012. Ákvæði til bráða- birgða I tekur þó þegar gildi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

■ **I.**

□ [Staðgengill forstöðumanns úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sem jafnframt er varamaður formanns úr- skurðarnefndarinnar, skal hafa forgangsrétt til stöðu nefndar- manns sem er jafnframt varaformaður úrskurðarnefndarinnar, sbr. 4. og 5. másl. 2. gr., með starfskjörum samkvæmt úrskurði kjararáðs. Ákvæði 7. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, gilda ekki um starfið.]¹⁾

¹⁾ L. 139/2014, 3. gr.

■ **II.**

□ [Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála skal taka við og ljúka afgreiðslu þeirra kærumála sem eru óafgreidd hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála.]¹⁾

¹⁾ L. 139/2014, 4. gr.